

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Áskell Þórisson
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2020
UST202002-089/B.S.
09.00

Efni: Samráðsgátt – Landgræðsluáætlun. Lýsing. Umsögn

Vísað er til bréfs umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að lýsingu að gerð landgræðsluáætlunar.

Umhverfisstofnun telur að við gerð landgræðsluáætlunar þurfi að líta til fleiri þátta en þeirra sem lúta að verkefnum í landgræðslu og skógrækt.

Aðgerðir hvort sem er með uppgræðslu eða skógrækt sem geta breytt ásýnd lands ætti að ekki að ráðast í án þess að tekið sé tillit til landslags því breytingar á ásýnd og gróðurfari svæða sem eru talin hafa verndargildi vegna landslags, jarðmyndana eða vistkerfa geta haft neikvæð áhrif í för með sér á viðkomandi svæði. Einnig ætti að líta á landið í heild þegar kemur að vali svæða þar sem ætlunin er að breyta ásýnd og yfirborði með gróðri en jafnframt ætti að skilgreina svæði þar sem alls ekki ætti að ráðast í aðgerðir sem breyta ásýnd lands.

Umhverfisstofnun telur að við val svæða þar sem ráðist verður í aðgerðir við breytingar á gróðurfari ætti að ganga út frá vistgerðarkortum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun bendir á ræktunarátlanir sem fyrirhugaðar eru á grónu landi verða ekki framkvæmdar með öðrum hætti en þeim að ganga á þær vistgerðir sem fyrir eru. Þessar aðgerðir geta verið frá styrkingu vistgerða sem fyrir eru eða algerri breytingu þeirra. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gengið sé úr skugga um að ekki verði ráðist í aðgerðir sem skerða vistgerðir sem að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands eru taldar fágætar eða hafa að öðru leyti sérstakt verndargildi.

Á Íslandi eru talið að jarðvegur geymi mest af CO₂ og því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að lögð verði fremur áhersla á jarðvegsvernd í stað þess að raska jarðvegi með aðgerðum sem breyta ástandi jarðvegs með ræktun nýs gróðurlendis sem getur í sumum tilfellum aukið losun gróðurhúsalofttegunda.

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri